



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**133. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 17. janúar 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Magnús Ingi Kristmannsson, Pawel Bartoszek, Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Borgarlína, lota 1, Ártúnshöfði-Hamraborg - 2411005

Í kynningu er umhverfismatsskýrsla framkvæmda við fyrstu lotu Borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða að Hamraborg. Betri samgöngur, fyrir hönd ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, áforma uppbyggingu Borgarlínunnar. Verkefnið er í sex lotum sem unnið verður að á næstu árum. Vegagerðin, og innan hennar verkefnastofa Borgarlínu, stendur að undirbúningi framkvæmdarinnar og mati á umhverfisáhrifum. Samhliða í kynningu er einnig breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, fyrir leggin frá Ártúnshöfða að Fossvogsbrú. Sömuleiðis auglýsing samsvarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, fyrir leggin frá Fossvogsbrú að Hamraborg.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana.

2. Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040 - 2411006

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja vegna nýs svæðisskipulags, Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040, um er að ræða tillögu á vinnslustigi. Frestur til athugasemda er til 24. janúar 2025.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana.

3. RVK Hólmsheiði - athafnasvæði - 1906003

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavík vegna auglýsingar tillögu nýs deiliskipulags fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði. Þann 16. janúar var umsagnafrestur framlengdur. Farið var yfir gögn málsins.

Frestað



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

4. Svæðisskipulagsnefnd, störf nefndarinnar - 2003003

Að beiðni formanns.

Pawel Bartoszek formaður tilkynnti að hann hyggist láta af formennsku í nefndinni.

Lagt var til að haldinn yrði aukafundur 6. febrúar til að kjósa nýja stjórn nefndarinnar. Varaformanni og svæðisskipulagsstjóra var falið að boða þann fund.

Bókun svæðisskipulagsnefndar:

Fundurinn í dag er sá síðasti sem Pawel Bartoszek formaður situr en fyrir liggur að hann muni taka sæti á Alþingi. Pawel hefur verið formaður nefndarinnar síðan í ágúst 2022 en þar áður var hann varaformaður nefndarinnar um skeið.

Svæðisskipulagsnefnd og skrifstofa SSH þakka Pawel kærlega fyrir gott, faglegt og viðburðaríkt samstarf á liðnum árum og óska honum velfarnaðar í verkefnum hans í framtíðinni.

5. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 14. febrúar í Hafnarfirði. Heimsóknin er hluti af áherslum nefndarinnar 2022-2026 að heimsækja aðildarsveitarfélög á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026